

# SAMÞYKKT

## um stjórn Bolungarvíkurkaupstaðar.

### I. KAFLI

#### Um skipan bæjarstjórnar, sjálfstjórn hennar og verkefni bæjarfélagsins.

##### 1. gr.

###### *Skipan bæjarstjórnar.*

Bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar er skipuð 7 fulltrúum sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum bæjarfélagsins samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna.

##### 2. gr.

###### *Sjálfstætt stjórnvald.*

Bolungarvíkurkaupstaður er sjálfstætt stjórnvald sem er stjórnað af lýðræðislega kjörinni bæjarstjórn í umboði íbúa bæjarfélagsins.

##### 3. gr.

###### *Verkefni bæjarfélagsins.*

Bolungarvíkurkaupstaður annast þau lögmæltu verkefni sem honum eru falin í lögum.

Bolungarvíkurkaupstaður vinnur að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Bolungarvíkurkaupstað er heimilt að taka að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa, enda sé það ekki falið öðrum að lögum.

### II. KAFLI

#### Um bæjarstjórn.

##### 4. gr.

###### *Hlutverk bæjarstjórnar.*

Bæjarstjórn fer með stjórn bæjarfélagsins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, með síðari breytingum, annarra laga og samþykkt þessari.

Bæjarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur og ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna bæjarfélagsins.

##### 5. gr.

###### *Verkefni bæjarstjórnar.*

Meðal verkefna bæjarstjórnar er:

1. Að sjá um að lögbundnar skyldur séu ræktar og hafa eftirlit með því að fylgt sé viðeigandi reglum í störfum bæjarfélagsins.
2. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla sveitarstjórnarlaga, að ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækja sem annast skal endurskoðun hjá bæjarfélaginu, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga.
3. Að setja bæjarstjórn siðareglur, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.
4. Að ákveða stjórnskipan bæjarfélagsins, ráða bæjarstjóra, sbr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga og aðra starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður bæjarfélagsins, sbr. 56. gr. laganna.
5. Að móta stefnu fyrir starfsemi bæjarfélagsins deilda, stofnana og fyrirtækja í eigu bæjarfélagsins. Að setja starfsemi bæjarfélagsins reglur, setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
6. Að fara með fjárstjórnarvald bæjarfélagsins, sbr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga og gera fjárhagsáætlanir, sbr. 62. gr. sömu laga.
7. Að bera ábyrgð á fjármálum bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja, sbr. 77. gr. sveitarstjórnarlaga og VIII. kafla samþykktar þessarar og taka ákvarðanir um verulegar skuldbindingar bæjarfélagsins til lengri tíma.

8. Að hafa eftirlit með framkvæmd samstarfsverkefna og þjónustusamninga, sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga.
9. Að veita íbúum bæjarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess upplýsingar um málefni sem snerta hagi þeirra og um samstarf sem bæjarfélagið hefur við önnur sveitarfélög, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.
10. Að samþykkja erindisbréf fyrir nefndir, ráð og stjórnir þar sem kveðið er á um hlutverk þeirra, valdsvið, starfshætti og framsal til fullnaðarákvörðunar og starfshætti þeirra í samræmi við lög, reglugerðir og almennar samþykktir bæjarstjórnar.

## 6. gr.

*Ný bæjarstjórn tekur til starfa.*

Nýkjörin bæjarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag. Jafnlengi heldur fráfarandi bæjarstjórn umboði sínu, með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum um kosningar til sveitarstjórna. Nýkjörin bæjarstjórn hefur einungis umboð til töku ákvarðana um málefni bæjarstjórnarinnar eða bæjarfélagsins eftir að hún tekur við störfum.

Sá fulltrúi í nýkjörinni bæjarstjórn sem á að baki lengsta setu í bæjarstjórn boðar til fyrsta fundar ekki síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar. Hann stýrir fundi þar til forseti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar setið jafnlengi í bæjarstjórn fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

Fyrsta fund skal boða með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara.

## 7. gr.

*Kjör forseta og varaforseta.*

Sá bæjarfulltrúi sem boðar til fyrsta fundar skv. 6. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn. Forseti skal kjörinn til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða kosningu.

Forseti stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. 3. mgr. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Sé enginn forseta á fundi gegnir aldursforseti forsetastörfum nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti fellur frá, verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum eða nýtur ekki lengur trausts bæjarstjórnar sem forseti áður en kjörtími hans er á enda skal kjósa forseta í hans stað það sem eftir er kjörtímabilsins.

Tilkynna skal kosningu forseta og varaforseta til ráðuneytis sveitarstjórnarmála þegar að því loknu.

## III. KAFLI

**Fundir bæjarstjórnar og fundarsköp.**

## 8. gr.

*Fundir bæjarstjórnar.*

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi bæjarstjórnar í Ráðhúsi Bolungarvíkur, að jafnaði á þriggja vikna fresti.

Aukafundi skal halda þegar forseti bæjarstjórnar eða bæjarstjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur bæjarstjórnarfulltrúa óskar þess.

Bæjarstjórn er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi bæjarstjórnar á undan.

Bæjarstjórn er heimilt að fella niður reglulega fundi bæjarstjórnar vegna sumarleyfis.

Bæjarstjóri getur ákveðið í samráði við forseta bæjarstjórnar og oddvita minnihluta að fresta reglulegum fundi ef sérstaklega stendur á.

## 9. gr.

*Boðun bæjarstjórnarfundar.*

Bæjarstjóri boðar fundi.

Fundarboð skal berast bæjarstjórnarfulltrúum ekki síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Aukafund skal boða ekki síðar en tveimur dögum eftir að ósk þar um barst bæjarstjóra. Fundarboð vegna aukafundar skal berast bæjarfulltrúum svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en sólarhring fyrir fund.

Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem eru nauðsynleg til að bæjarfulltrúar geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind. Heimilt er að senda fundarboð ásamt gögnum með rafrænum hætti.

## 10. gr.

*Dagskrá bæjarstjórnarfundar.*

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta bæjarstjórnar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar, svo og ráðningu bæjarstjóra og helstu stjórnenda bæjarfélagsins og endurskoðenda þess.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarfélagsins.
3. Ályktanir og tillögur sem fram koma í fundargerðum, sbr. 2. tölul. hér að framan og þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar, skal tilgreina sérstaklega í dagskrá.
4. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri eða forseti ákveða að taka á dagskrá eða einhver bæjarstjórnarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá.

## 11. gr.

*Tilkynning til íbúa um fundi bæjarstjórnar.*

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi bæjarstjórnar í Ráðhúsi Bolungarvíkur og skal það kynnt íbúum bæjarfélagsins á vefsíðu bæjarins.

Íbúum bæjarfélagsins skal kynnt með opinberri auglýsingu eða með auglýsingu á vefsíðu bæjarfélagsins um fyrirhugaða fundi bæjarstjórnar ásamt dagskrá, innan sömu tímafresta og við á um bæjarfulltrúa, enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi.

## 12. gr.

*Opnir fundir bæjarstjórnar.*

Fundir bæjarstjórnar eru opnir, en heimilt er að ákveða að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Forseti bæjarstjórnar eða bæjarstjórn getur jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum tillögu um lokun fundar.

Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tilteknir starfsmenn bæjarfélagsins séu viðstaddir.

## 13. gr.

*Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.*

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur á fundi.

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

## 14. gr.

*Útsendingar bæjarstjórnarfundu.*

Heimilt er að hljóðrita og útvarpa fundum bæjarstjórnar sem opnir eru skv. 12. gr. Skulu upptökur þeirra varðveittar á skrifstofu bæjarfélagsins og vera aðgengilegar almenningi á vefsíðu bæjarfélagsins innan tveggja mánaða.

## 15. gr.

*Tvær umræður í bæjarstjórn.*

Bæjarstjórn skal hafa tvær umræður, með a.m.k. einnar viku millibili um:

1. Samþykktir og aðrar reglur sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra.
2. Staðfestingu ársreiknings.
3. Stefnunarkandi áætlanir sem gilda eiga til lengri tíma og taka til bæjarfélagsins í heild eða meirihluta þess.
4. Tillögu um sameiningu við annað sveitarfélag skv. 2. mgr. 120. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þá skal bæjarstjórn hafa tvær umræður, með a.m.k. tveggja vikna millibili, um fjárhagsáætlanir bæjarfélagsins skv. 62. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvæði þetta gildir þó ekki um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlanir.

## 16. gr.

*Fundarsköp og ritun fundargerða.*

Við ritun fundargerða bæjarstjórnar skal farið eftir leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna, samanber auglýsingu þess efnis nr. 22/2013, sem settar hafa verið samkvæmt 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

Meginreglur fundarskapa skulu vera eftirfarandi:

- a. *Fundarstjórn.* Forseti stjórnar umræðum á fundum bæjarstjórnar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Hann sér um að fundargerðir séu færðar og að allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta. Forseti sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum samkvæmt samþykkt þessari en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar.
- b. *Vald forseta.* Skyld er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna varðandi það að gætt sé góðrar reglu. Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigsalum eða vikur verulega frá umræðuefninu skal forseti víta hann. Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi getur forseti lagt til við bæjarstjórn að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust. Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði forseta eða almenn óregla kemur upp á fundi skal forseti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi. Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundi raskar fundarfriði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir í fundarsal bæjarstjórnar.
- c. *Afgreiðsla mála.* Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem dagskrá kveður á um nema bæjarstjórn eða forseti ákveði að önnur röð skuli höfð. Forseti getur ákveðið að tiltekið mál í fundargerð sem er á dagskrá verði gert að sérstökum dagskrárlið á fundinum. Heimilt er að taka mál á dagskrá þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa þau afbrigði.
- d. *Málfrelsi bæjarstjóra.* Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í bæjarstjórn.
- e. *Málfrelsi bæjarfulltrúa.* Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumann svo og bæjarfulltrúa sem gera vill stutta athugasemd, bera af sér

- ámæli eða veita andsvar. Ef tveir eða fleiri kveða sér samtímis hljóðs ákveður forseti í hvaða röð þeir tala.
- Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.
- f. *Ávarp ræðumanns*. Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Bæjarfulltrúi skal ávarpa einstaka bæjarfulltrúa með fullu nafni. Þegar til umræðu er fundargerð skal ræðumaður taka fram hvaða lið í fundargerð hann óskar að ræða. Ekki má lesa prentað mál nema forseti leyfi.
- g. *Hve oft má tala*. Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftari til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn forseta. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls. Bæjarstjóri hefur óbundið málfrelsi.
- h. *Ræðutími*. Ef forseti telur umræður um tiltekið mál dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður þannig að umræðum verði lokið á tilteknum tíma. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál meira en svo að hún standi skemur en í tvær klukkustundir ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs.
- i. *Tillögur og afgreiðsla*. Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu í samræmi við almennar reglur um fundarskóp. Forseti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.
- j. *Réttur til bókunar*. Þeir sem hafa rétt til að taka þátt í umræðum í bæjarstjórn eiga rétt á að fá bókaðar í fundargerð stuttar athugasemdir (150 – 200 orð) um afstöðu til þeirra mála sem til umræðu eru.
- k. *Atkvæðagreiðsla*. Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Bæjarfulltrúi greiðir atkvæði úr sæti sínu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Færa skal fjölda atkvæða með og á móti til bókar. Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð. Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur fulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða á móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.
- l. *Kosningar*. Kosningar sem fara fram í bæjarstjórn, skv. 43. gr. sveitarstjórnarlaga, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar, sé þess óskað. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við kjör forseta.
- m. *Aðrir taka til máls*. Bæjarstjórn getur heimilað, með samþykki 2/3 bæjarfulltrúa, að maður utan bæjarstjórnar ávarpi bæjarstjórnarfund og svari fyrirspurnum.

## 17. gr.

*Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála.*

Um hæfi bæjarfulltrúa, nefndarfulltrúa og starfsmanna bæjarfélagsins til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr.

stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ákvæði stjórnsýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í sveitarstjórnarlögum. Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að einum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Þá verður starfsmaður bæjarfélagsins ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls eða uppbygging stjórnkerfis bæjarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks.

Í öðrum tilvikum en skv. 1. mgr. ber bæjarfulltrúa, nefndarfulltrúa eða starfsmanni bæjarfélagsins að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd bæjarfélagsins.

Að öðru leyti vísast til 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

18. gr.

*Varamenn í bæjarstjórn.*

Sé bæjarfulltrúi forfallaður skal hann boða sinn varamann, undir sérstökum kringumstæðum getur hann tilkynnt forföllin til bæjarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund.

Varamenn taka sæti í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast.

Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnsmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Yfirlýsingu um samkomulag skv. 3. mgr. skal leggja fram á fyrsta eða öðrum fundi sveitarstjórnar að loknum sveitarstjórnarkosningum og gildir hún til loka kjörtímabils.

#### IV. KAFLI

#### **Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.**

19. gr.

*Skyldur bæjarfulltrúa.*

Bæjarfulltrúa ber skylda til að taka þátt í öllum bæjarstjórnarfundum og fundum í nefndum og ráðum sem hann hefur verið kjörinn til nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum bæjarfélagsins, sem og til annarra trúnaðarstarfa á vegum bæjarfélagsins. Sá sem verið hefur forseti heilt kjörtímabil eða lengur eða gegnt ákveðnu starfi innan bæjarstjórnar jafnlangan tíma eða lengur getur skorast undan kosningu til þess starfs jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið með höndum. Ósk um undanþágu skal sett fram áður en kjör í viðkomandi nefnd eða trúnaðarstarf fer fram.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að inna af hendi störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnarinnar.

Bæjarfulltrúar skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

20. gr.

*Réttur bæjarfulltrúa.*

Bæjarfulltrúar eru sjálfstæðir í störfum sínum. Þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála.

Bæjarfulltrúi á rétt á að tekið verði á dagskrá bæjarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmuni bæjarfélagsins eða verkefni þess.

Mál sem ekki er tilgreint á boðaðri dagskrá bæjarstjórnarfundar verður þó ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis 2/3 hluta fundarmanna.

Bæjarfulltrúar hafa málfrelsi á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í fundarsköpum bæjarstjórnar. Þeir hafa tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar.

Vilji bæjarfulltrúi ekki una úrskurði forseta bæjarstjórnar um stjórn fundar og fundarsköp getur hann skotið úrskurðinum til bæjarstjórnar sem sker úr án umræðna.

## 21. gr.

*Aðgangur að gögnum.*

Vegna starfa sinna í bæjarstjórn á sérhver bæjarfulltrúi rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu bæjarfélagsins og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í bæjarstjórn.

Beiðni um slíkt skal beint skriflega til bæjarstjóra. Tiltaka skal í beiðninni hvaða gögnum óskað er eftir og/eða um hvaða málefni þau fjalla. Miða skal við að aðgangur sé veittur eða gögn afhent innan 2 sólarhringa frá móttöku beiðninnar.

Ef gögn eru undanþegin upplýsingarétti almennings er óheimilt að taka af þeim afrit og fara með þau af skrifstofu.

Bæjarfulltrúi skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofu og stofnunum bæjarfélagsins í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi bæjarfélagsins og rekstur.

## 22. gr.

*Siðareglur og góðir starfshættir.*

Bæjarfulltrúi skal í störfum sínum fara eftir þeim siðareglum sem bæjarstjórn setur sér, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 23. gr.

*Lausn frá störfum.*

Telji bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags, getur hann óskað eftir því við bæjarstjórn að hún:

1. létti af honum störfum eða
2. veiti honum lausn úr bæjarstjórn um tiltekinn fyrirfram ákveðinn tíma eða til loka kjörtímabils.

Þegar bæjarfulltrúi flytur úr bæjarfélaginu um stundarsakir má bæjarstjórn ákveða, að ósk hans, að hann skuli víkja úr bæjarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í bæjarfélaginu. Slík ákvörðun skal tekin áður en bæjarfulltrúi flytur um stundarsakir. Sé ekki tekin ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein missir bæjarfulltrúi kjörgengi við skráningu lögheimilis í öðru bæjarfélagi.

Missi bæjarfulltrúi kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórn. Ef bæjarfulltrúi missir fjárforræði skal bæjarstjórn veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

## 24. gr.

*Boðun varamanna.*

Þegar aðalmaður er vanhæfur til meðferðar máls í bæjarstjórn skal boða varamann hans til meðferðar þess og afgreiðslu. Að afgreiðslu máls lokinni tekur aðalmaður sæti sitt á viðkomandi fundi á ný. Verði innköllun varamanns ekki við komið getur vanhæfur bæjarfulltrúi krafist þess að umræðu og afgreiðslu máls verði frestað til næsta fundar. Frestun nær þó ekki fram að ganga ef 2/3 hlutar viðstaddra bæjarstjórnarfulltrúa greiða atkvæði gegn frestun eða ef frestun hefur í för með sér að gengið sé gegn lögbundnum afgreiðslutíma máls.

Þegar aðalmaður getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilsufarsástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum tekur varamaður hans sæti í bæjarstjórn á þeim fundi. Forfallist aðalmaður fer um boðun varamanns skv. 18. gr. samþykktar þessarar. Forföll samkvæmt þessari málsgrein taka ávallt til viðkomandi fundar í heild, eða til loka fundar sé um það að ræða.

Þegar fyrrséð er að aðalmaður í bæjarstjórn mun taka hlé frá störfum vegna atvika sem greinir í 2. mgr. í a.m.k. einn mánuð skal varamaður hans taka sæti í bæjarstjórninni frá og með næsta fundi, enda séu þá ástæður forfalla enn til staðar. Þegar forföllum lýkur tekur aðalmaður sæti sitt að nýju frá og með næsta fundi.

Þegar aðalmaður fellur frá, missir kjörgengi eða fær lausn frá starfi í bæjarstjórn skal varamaður hans taka sæti í bæjarstjórn frá og með næsta fundi.

## 25. gr.

*Þóknun o.fl.*

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn.

Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarfélagsins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

Bæjarfulltrúi má ekki afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli þessarar greinar.

## 26. gr.

*Réttindi og skyldur varamanna.*

Ákvæði þessa kafla, um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa, eiga einnig við um varamenn þegar þeir taka sæti í bæjarstjórn.

## V. KAFLI

**Bæjarráð.**

## 27. gr.

*Kosning bæjarráðs.*

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa 3 aðalmenn og jafnmarga varamenn í bæjarráð til eins árs í senn. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð. Varamenn skal einnig velja úr hópi aðalfulltrúa í bæjarstjórninni. Heimilt er þó að aðalfulltrúar og varafulltrúar af sama framboðslista og hinn kjörni bæjarráðsmaður verði varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann þegar kosið var til bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn kýs formann og varaformann bæjarráðs úr hópi kjörinna bæjarráðsmanna.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Kosning í bæjarráð skal vera leynileg og bundin hlutfallskosning sé þess óskað.

## 28. gr.

*Fundartími bæjarráðs.*

Bæjarráð skal að jafnaði halda fundi einu sinni í viku. Bæjarráð ákveður sjálft fundardag og fundartíma. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

## 29. gr.

*Undirbúningur og boðun funda bæjarráðs.*

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs.

Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. hálfum sólarhring fyrir fund.

Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann að jafnaði boða varamann eða hlutast til um að varamaður verði boðaður.

## 30. gr.

*Stjórnun bæjarráðs.*

Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðsins.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmanna óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarstjórnar. Um ritun fundargerða bæjarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 16. gr. samþykktar þessarar.

## 31. gr.

*Áheyrnarfulltrúar í bæjarráði.*

Framboðsaðila sem fulltrúa á í sveitarstjórn en nær ekki kjöri í bæjarráð, er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku á fundum bæjarráðs. Þetta á við hafi sveitarstjórn verið kjörin bundinni hlutfallskosningu.

Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi í bæjarráði skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í bæjarráð, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga og 27. gr. samþykktar þessarar.

Áheyrnarfulltrúi hefur málfrelsi og tillögurétt.

## 32. gr.

*Verkefni bæjarráðs.*

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn bæjarfélagsins að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin.

Bæjarráð hefur eftirlit með stjórnslu bæjarfélagsins og fjármálastjórn þess, semur drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur þau fyrir bæjarstjórn.

Þá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt og lagðir fyrir bæjarstjórn til meðferðar og afgreiðslu.

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar semur kjörskrá vegna kosninga, fjallar um athugasemdir, gerir nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurðar um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi.

Meðan bæjarstjórn er í sumarleyfi fer bæjarráð með sömu heimildir og bæjarstjórn hefur ella.

Bæjarstjórn getur falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála, nema lög mæli á annan veg.

## 33. gr.

*Heimild bæjarráðs til fullnaðarákvörðunar.*

Bæjarráði er heimil fullnaðarákvörðun mála sem eigi varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé eigi ágreiningur innan ráðsins eða við bæjarstjóra um ákvörðunina. Þá er heimilt að fela bæjarráði fullnaðarafgreiðslu einstakra mála sem samkvæmt samþykktum bæjarfélagsins hafa áður komið til umfjöllunar annarra nefnda bæjarstjórnar.

Vald til fullnaðarafgreiðslu máls getur aldrei falið í sér vald til töku ákvörðunar sem gengur gegn fjárhagsáætlun eða öðrum almennum og bindandi reglum eða áætlunum sem sveitarstjórn hefur sett.

Komi fram beiðni málsaðila um endurupptöku, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 skal bæjarstjórn afgreiða endurupptökuna.

## VI. KAFLI

**Fastanefndir, ráð og stjórnir aðrar en bæjarráð.**

## 34. gr.

*Kosning í fastanefndir og kjörtímabil.*

Bæjarstjórn kys fulltrúa í nefndir eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt þessari. Slíkar nefndir teljast fastanefndir bæjarstjórnar.

Kjörtímabil fastanefnda er hið sama og bæjarstjórnar, nema annað leiði af lögum eða samþykkt þessari.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum halda fastanefndir þó umboði sínu þar til nýkjörin bæjarstjórn hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrri bæjarstjórn sætti að afloknum kosningum, sbr. 12. gr. og 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 35. gr.

*Kosning og kjörgengi.*

Kosningar í fastanefndir bæjarstjórnar, nefndir til að fara með einstök verkefni eða málaflokka og aðrar nefndir og stjórnir sem bæjarfélagið á aðild að, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað. Framkvæmd kosninga skal þá vera í samræmi við ákvæði 44. og 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef ekki er kosið hlutfallskosningu til nefndar, sbr. 1. mgr. 43. gr., sveitarstjórnarlaga, skal bæjarstjórn gæta þess að fullnægja kröfum um kynjahlutfall skv. 2. tölul. 44. gr. laganna við skipun í viðkomandi nefnd.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir sem hafa kosningarrétt í bæjarfélaginu, nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana bæjarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að víkja frá þessu ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starfið er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum vegna nefndarsetu.

## 36. gr.

*Valdsvið nefnda og framsal bæjarstjórnar til fastanefnda á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála.*

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum, erindisbréfum, sbr. 10. tölul. 5. gr. samþykktar þessarar, eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

Bæjarstjórn er heimilt að sameina nefndir þó að kveðið sé á um það í lögum að kjósa skuli sérstaka nefnd til að fara með tiltekin verkefni.

## 37. gr.

*Afgreiðsla á fundargerðum.*

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skulu lagðar fyrir bæjarstjórn til kynningar eða afgreiðslu og staðfestingar.

Þær ályktanir eða tillögur í fundargerðum sem þarfnast staðfestingar bæjarráðs eða bæjarstjórnar eru lagðar fyrir sem sérstök mál og eru afgreidd með formlegum hætti.

Ályktun nefndar sem hefur fjárútlát í för með sér skal lögð fyrir bæjarráð eftir því sem fyrir er mælt í samþykkt um stjórn bæjarfélagsins.

## 38. gr.

*Fundir nefnda og ályktunarhæfi.*

Fundir nefnda skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki.

Um fundi nefnda, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla samþykktar þessarar og sveitarstjórnarlaga eftir því sem við getur átt.

## 39. gr.

*Fundarstjórn og fundargerðir.*

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarfélagsins eftir því sem við á.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarfélagsins skulu halda gerðabækur. Nefnd getur ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða, nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 16. gr. samþykktar þessarar.

## 40. gr.

*Varamenn.*

Varamenn taka sæti í nefndum í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Þegar kosið er til nefndar hlutbundinni listakosningu eða listi hefur verið sjálfkjörinn og aðalmaður í nefnd er forfallaður taka varamenn þess lista sem aðalmaður er kjörinn af sæti í nefnd í þeirri röð sem þeir skipa listann eftir að endurröðun á hann hefur farið fram skv. 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar til bæjarstjórnar leggja í sameiningu fram tillögu að lista við hlutbundna kosningu í nefnd bæjarstjórnar geta þeir komið sér saman um að varamenn á listanum vegna nefndarkosningarinnar, sem eru þar fulltrúar sama flokks eða framboðslista og sá aðalmaður í nefnd sem um ræðir, taki sæti hans í nefndinni í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna viðkomandi lista í sama flokki eða tilheyri sama framboðslista og aðalmaður tilheyrði þegar kosning í nefnd fór fram taka varamenn af listanum sæti eftir venjulegum reglum.

Yfirlýsingu um samkomulag skv. 3. mgr. skal leggja fram á fyrsta bæjarstjórnarfundum eftir að nefndarkosning fór fram og gildir hún til loka kjörtímabils eða þar til kjörið er í nefnd að nýju.

## 41. gr.

*Boðun varamanna.*

Um boðun varamanna á nefndarfundum gilda ákvæði 24. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á.

Þegar aðalmaður í nefnd fellur frá, missir kjörgengi, fær lausn frá nefndarstarfi eða forfallast varanlega frá því að sitja í nefnd tekur varamaður hans sæti í nefndinni nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju, ella skipar bæjarstjórn nýjan varamann til setu í nefndinni.

Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar um varamenn taka einnig til varaáheyrnarfulltrúa eftir því sem við getur átt.

## 42. gr.

*Lausn frá nefndarsetu og endurskipun.*

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarfélagsins, sem ekki eru aðal- eða varamenn í bæjarstjórn, er heimilt að segja af sér nefndastörfum hvenær sem er á kjörtímabili. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við bæjarstjórn að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið og metur hún þá hvort skilyrði til þess séu fyrir hendi.

Bæjarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sem hún kys eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan bæjarstjórnar eða málefna- legar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundum nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Ennfremur getur bæjarfulltrúi krafist þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Bæjarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus að því tilskildu að 2/3 fundarmanna greiði atkvæði með tillögu um höfnun. Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarfélagsins skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga nema enginn ágreiningur sé innan bæjarstjórnar um breytingarnar.

Breytingar á nefndaskipan samkvæmt þessari grein skulu fullnægja skilyrðum 2. tölul. 44. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga um kynjahlutföll.

## 43. gr.

*Þóknun.*

Bæjarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum bæjarfélagsins hæfilega þóknun fyrir þau störf, samkvæmt mati bæjarstjórnar, í samræmi við reglur sem hún setur. Bæjarstjórn er með sama hætti heimilt að ákveða að greiða áheyrnarfulltrúum þóknun fyrir störf þeirra í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum bæjarfélagsins.

## 44. gr.

*Önnur réttindi og skyldur.*

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundum nefndar.

Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarfélagsins eftir því sem við á. Réttindi takmarkast þó eftir eðli máls við það sem fulltrúum er þörf á vegna starfa í viðkomandi nefnd.

## 45. gr.

*Aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem bæjarfélagið á aðild að.*

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem bæjarfélagið á aðild að samkvæmt viðkomandi lögum eða samþykktum. Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar eiga við um slíka fulltrúa eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem nefnd, ráð eða stjórn lögaðila, sem bæjarstjórn kýs fulltrúa til skv. 1. mgr., fer með framkvæmd eða ábyrgð á verkefni sem bæjarfélaginu væri ekki sjálfu heimilt að sinna, þá er fulltrúi bæjarfélagsins í viðkomandi nefnd, ráði eða stjórn ekki bundinn af fyrirætlum bæjarstjórnarinnar um þau störf. Hið sama á við að því leyti sem það leiðir af lögum sem gilda um rekstur og starfsemi viðkomandi lögaðila.

## 46. gr.

*Fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem bæjarfélagið á aðild að.*

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

**A. Til eins árs á fundi í júní ár hvert:**

*Bæjarráð.* Bæjarstjórn kýs þrjá bæjarfulltrúa og þrjá til vara í bæjarráð skv. 36. gr. sveitarstjórnarlaga. Að auki kýs bæjarstjórn ráðinu formann og varaformann. Auk verkefna sem tilgreind eru í 32. gr. samþykktarinnar og í erindisbréfi fer bæjarráð með verkefni kjaranefndar og starfskjaranefndar auk málefna atvinnuáráðs.

**B. Til fjögurra ára:****I. Fimm manna nefndir og ráð:**

Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í eftirfarandi ráð og nefndir sem kosin eru á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar. Bæjarstjórn kýs nefndum og ráðum formann og varaformann.

1. *Fræðslumála- og æskulýðsráð.* Fræðslumála- og æskulýðsráð fer með málefni leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla skv. lögum og reglugerðum þar um, ásamt öðrum þeim verkefnum sem ráðinu eru falin með erindisbréfi.
2. *Velferðarráð.* Ráðið fer með verkefni bæjarfélagsins á grunvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, þjónustuhóp aldraðra, barnavernd, jafnrétti, húsnæðismál og málefni fatlaðra samkvæmt lögum, reglugerðum og samningum þar um, ásamt öðrum þeim verkefnum sem ráðinu eru falin með erindisbréfi.
3. *Umhverfismálaráð.* Ráðið fer með byggingarmál, skipulagsmál, brunavarnir og brunamál, umferðarmál, umhverfismál, gróður- og náttúruverndarmál, og annast málefni gróðurverndar og landbúnaðarnefndar samkvæmt lögum og reglugerðum sem gilda þar um, ásamt öðrum þeim verkefnum sem ráðinu eru falin með erindisbréfi.

**II. Þriggja manna nefndir og ráð:**

Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í eftirfarandi ráð og nefndir sem kosin eru á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar. Bæjarstjórn kýs nefndum og ráðum formann og varaformann.

1. *Menningar- og ferðamálaráð.* Ráðið fer með málefni safna og húsfriðunarmál samkvæmt lögum og reglugerðum þar um, ásamt vinabæjarsamskiptum, málefnum ferðamála og öðrum þeim verkefnum sem ráðinu eru falin með erindisbréfi.
2. *Hafnarstjórn.* Auk verkefna sem hafnarstjórn hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni í erindisbréfi.
3. *Kjörstjórn.* Kjörstjórn fer með málefni kjörstjórnar samkvæmt lögum og reglugerðum þar um.

**III. Aðrar nefndir og ráð:**

1. *Ungmennaráð.* Um verkefni og skipan ungmennaráðs fer samkvæmt sérstökum samþykktum sem þarfnast samþykktar bæjarstjórnar.
2. *Veidifélag Ósár og Miðdalsvatns.* Bæjarstjórn kýs einn aðalmann og einn til vara samkvæmt samþykktum um lög félagsins.

**C. Stjórnir og samstarfsráð.**

Hér er um að ræða stjórnir stofnana með sjálfstæðan fjárhag og tilnefningar í samstarfsráð sem hafa endanlegt ákvörðunarvald í málefnum sínum, þ.e. þurfa ekki staðfestingu bæjarstjórnar til að koma málum í framkvæmd innan ákveðins fjárhagslegs ramma. Kjörtímabil þeirra er samkvæmt samþykktum um stjórn viðkomandi stofnunar.

1. *Almannavarnanefnd*. Samkvæmt ákvæðum laga um almannavarnir kýs bæjarstjórn aðal- og varafulltrúa í almannavarnanefnd á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
2. *Heilbrigðisnefnd*. Sveitarstjórnir á svæðinu kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.
3. *Sameiginleg barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum*. Sveitarstjórnir á svæðinu kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina skv. ákvæðum barnaverndarlaga.
4. *Byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks á Vestfjörðum*. Um byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks á Vestfjörðum fer samkvæmt samþykktum þess.

**D. Tilnefningar og kosningar.**

Kosnir fulltrúar á ársþing og ársfundi stofnana sem bærinn á aðild að.

1. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Bæjarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa á landsþing sambandsins samkvæmt ákvæðum í lögum þess. Fulltrúar bæjarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
2. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Bæjarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands skv. ákvæðum laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands. Fulltrúar bæjarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
3. *Fjórðungssamband Vestfirðinga*. Bæjarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa á aðalfund Fjórðungssambands Vestfirðinga samkvæmt lögum sambandsins.

**E. Verkefnabundnar nefndir.**

Bæjarstjórn getur kosið nefndir (lausanefndir) til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er. Bæjarstjórn útbýr erindisbréf fyrir nefndina þar sem hlutverk og staða nefndarinnar er skilgreint.

**VII. KAFLI****Bæjarstjóri og aðrir starfsmenn bæjarfélagsins.**

## 47. gr.

*Ráðning bæjarstjóra.*

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra til þess að annast framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og verkefni bæjarfélagsins. Bæjarstjórn skal gera skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin. Ráðningartími bæjarstjóra skal að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil bæjarstjórnar.

## 48. gr.

*Hlutverk bæjarstjóra.*

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður annars starfslíðs bæjarfélagsins. Hann skal sjá um að stjórnsýsla bæjarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar. Þar hefur hann málfrelsi, tillögurétt og rétt til bókana en ekki atkvæðisrétt nema hann sé jafnframt kjörinn fulltrúi í bæjarstjórninni. Hann hefur jafnframt rétt til setu á fundum nefnda og ráða sem bæjarstjórn skipar.

Bæjarstjóri skal sjá um að fundir bæjarstjórnar, bæjarráðs og annarra nefnda bæjarstjórnar séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst. Hann sér einnig um

að ákvarðanir þær sem teknar eru af hálfu bæjarstjórnar og annarra nefnda komist til framkvæmda, hafi bæjarstjórn ekki falið það öðrum.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarfélagsins. Honum er heimilt að veita öðrum starfsmanni bæjarfélagsins prókúru að fengnu samþykki bæjarstjórnar. Prókúruhafar skulu vera fjár síns ráðandi.

Bæjarstjóri undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarfélagsins, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnar þarf til.

49. gr.

*Ráðning í æðstu stjórnunarstöður.*

Bæjarstjórn ræður starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður hjá Bolungarvíkurkaupstað og veitir þeim lausn frá starfi.

50. gr.

*Um ráðningu annarra starfsmanna.*

Forstöðumenn ráða starfsmenn viðkomandi stofnanna, bæði fastráðna og lausráðna og veita þeim lausn frá störfum nema vald til slíks sé með lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Um ráðningu annarra starfsmanna annast bæjarstjóri, enda hafi bæjarstjórn ekki ákveðið annað í samþykkt þessari eða með almennum fyrirmælum.

51. gr.

*Þagnarskylda starfsmanna.*

Starfsmenn Bolungarvíkurkaupstaðar og aðrir sem bæjarfélagið ræður til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

52. gr.

*Um starfskjör og réttindi starfsmanna.*

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna Bolungarvíkurkaupstaðar fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og ákvæðum ráðningarsamninga.

VIII. KAFLI

**Fjármál bæjarfélagsins.**

53. gr.

*Fjárstjórnarvald bæjarstjórnar.*

Einvörðungu bæjarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál bæjarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. ákvarðanir um eftirtalin atriði séu ekki gerðar beinar undantekningar þar á með lögum:

1. staðfestingu ársreiknings,
2. fjárhagsáætlun næstkomandi árs,
3. fjárhagsáætlun til fjögurra ára,
4. viðauka við fjárhagsáætlanir skv. 2. og 3. tölul.,
5. lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar bæjarfélagsins,
6. sölu eigna bæjarfélagsins og annarra réttinda þess,
7. álagningu skatta og gjalda,
8. ráðningu eða uppsögn endurskoðanda.

54. gr.

*Afgreiðsla og form fjárhagsáætlunar.*

Bæjarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Bæjarráð leggur samkvæmt 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga tillögu um fjárhagsáætlun fyrir

bæjarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Bæjarstjórn skal fjalla um hana á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu bæjarstjórnar skal afgreiða tillöguna, þó ekki síðar en 15. desember ár hvert.

Fjárhagsáætlanir skulu gefa glögga mynd af rekstri bæjarfélagsins, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir bæjarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjar-sjóðs og stofnana bæjarfélagsins við upphaf áætlunartímabilsins.

Bæjarstjórn skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála fjárhagsáætlun innan fimmtán daga frá afgreiðslu hennar, sbr. 1. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun.

#### 55. gr.

##### *Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.*

Ákvörðun sem bæjarstjórn tekur skv. 53. gr. samþykktar þessarar og 62. gr. sveitarstjórnarlaga um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu bæjarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu bæjarfélagsins á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að vikja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema bæjarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktri áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að bæjarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar bæjarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi bæjarstjórnarinnar.

#### 56. gr.

##### *Fjármálareglur og viðmið um afkomu bæjarfélagsins.*

Bæjarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að bæjarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga og ákvæði reglugerðar nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.

#### 57. gr.

##### *Ábyrg meðferð fjármuna og heimildir til fjárskuldbindinga.*

Bæjarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna bæjarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkistryggð verðbréf. Um heimildir til fjárfestinga í hagnaðarskyni fer skv. ákvæðum 65. gr. sveitarstjórnarlaga.

Áður en bæjarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum bæjarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag bæjarfélagsins, sbr. ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um heimildir Bolungarvíkurkaupstaðar til veðsetninga og að gangast í ábyrgðir fer skv. 68. og 69. gr. sveitarstjórnarlaga.

#### 58. gr.

##### *Ársreikningur.*

Gera skal ársreikning fyrir bæjarsjóð, stofnanir bæjarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal gera samstæðureikning fyrir bæjarfélagið, þ.e. bæjarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og sveitarstjórnarlögum, sem og góðri reikningsskilavenju.

Ársreikningur bæjarfélagsins skal fullgerður og samþykktur af bæjarráði og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert.

Bæjarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings bæjarfélagsins, stofnana og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.

Ársreikning bæjarfélagsins, ásamt skýrslu endurskoðanda, skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála og Hagstofu Íslands ekki síðar en 20. maí ár hvert.

59. gr.

*Endurskoðun ársreikninga.*

Bæjarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá bæjarfélaginu. Endurskoðun fer eftir lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, sem og fyrirmælum 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga.

IX. KAFLI

**Samráð við íbúa – Þátttökulýðræði.**

60. gr.

*Almenn atkvæðagreiðsla að frumkvæði íbúa.*

Ef 25% þeirra sem kosningarrétt eiga í bæjarfélaginu óska almennrar atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. sveitarstjórnarlaga skal bæjarstjórn verða við því eigi síðar en innan árs frá því að slík ósk berst.

Um framkvæmd undirskriftasöfnunar, hlutverk sveitarstjórnar og framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu fer skv. 107. og 108. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

61. gr.

*Gildistaka.*

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Innanríkisráðuneytinu, 9. maí 2014.*

F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**

\_\_\_\_\_  
*Stefanía Traustadóttir.*